

Samkeppniseftirlitið  
B.t. Páls Gunnars Pálssonar  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2012

## Efni: Skýrsla Samkeppniseftirlitsins um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði

Samkeppniseftirlitið hefur óskað sjónarmiða og athugasemda frá Félagi atvinnurekenda (FA) í tengslum við skýrslu nr. 1/2012 *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*.

FA fagnar útgáfu skýrslunnar og þeirri umræðu sem fylgir í kjölfarið. Mikilvægt er að umræða um þessi mál sé vönduð og að hagsmunaaðilum sé gefinn kostur á að gera athugasemdir við afstöðu eftirlitsins. Félagið lýsir sig reiðubúið til hvers konar samvinnu við eftirlitið um framhald umræðu um samkeppni á dagvörumarkaði, sem og á öðrum mörkuðum.

Athugasemdum FA við skýrsluna er skipt í fimm hluta, sem skarast þó að einhverju leyti:

### 1. Skilgreining markaða og leiðbeiningarskylda Samkeppniseftirlits

Í hluta III í skýrslunni er að finna ítarlegar upplýsingar um stöðuna innan einstakra dagvörflokka á heildsölustigi. Í öllum tilvikum eru dregnar ályktanir um stöðu mála og markaðshlutdeild stærstu aðila birt. FA gerir ekki athugasemdir við að þessar upplýsingar séu birtar. Stóra spurningin er hins vegar hvort skipting dagvörumarkaðar í þá 21 vörflokka sem stuðst er við í skýrslunni sé sú sem Samkeppniseftirlitið telur eðlilegt að nota. Geta aðilar ályktað að um sé að ræða skilning Samkeppniseftirlitsins á því hvernig skilgreina eigi markaði? Eða ekki? Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem eftirlitið tekur fram á blaðsíðu 17 í skýrslunni að búast megi við því „að Samkeppniseftirlitið hefji sérstakt stjórnisýslumál til að meta hvort tiltekin viðskiptakjör birgja séu lögmæt“. Í slíkum málum myndi m.a. reyna á skilgreiningu markaða (sjá athugasemd 2).

Gera verður þá kröfu til Samkeppniseftirlitsins að það uppfylli leiðbeiningarskyldu stjórnvalds hvað þessa þætti varðar. Nefna má sem dæmi að á blaðsíðu 84 í skýrslunni er fjallað um markað með „gosdrykki, kolsýrt vatn og léttöl“. Á blaðsíðu 107 er aftur umfjöllun um ákvörðun eftirlitsins sem snýr að „heildarmarkaði með gosdrykki“, sem er mun þrengri skilgreining. Óháð málsatvikum umrædds máls verður að telja mikilvægt að festa og samkvæmni sé viðhöfð þegar stærð og umfang markaða er metin af hálfu eftirlitsins. Að öðrum kosti er aðilum á markaði gert afar erfitt fyrir við að túlka og framfylgja opinberum upplýsingum frá Samkeppniseftirliti.

Rétt er að fram komi að FA telur að þær skilgreiningar á dagvörflokkum sem fram koma í skýrslunni séu ekki í öllum tilvikum bestí mælikvarðinn á skilgreiningu markaða í samkeppnislegu tilliti.

FA telur mikilvægt að Samkeppniseftirlitið fjalli sérstaklega um skilgreiningu markaða með skýrum hætti og kalli eftir afstöðu aðila um þau mál. Þannig má eyða óþarfri óvissu.

## 2. Viðskiptakjör birgja og lagaleg sjónarmið

Áréttá skal að ekkert í samkeppnislögum skyldar birgja til að selja viðskiptavinum sínum sömu vöru á sama verði. Það er einungis í tilfellum markaðsráðandi birgja sem þeim er skylt að gæta jafnræðis í kjörum til viðskiptavina sinna skv. C lið 1. málsgreinar 11. greinar samkeppnislaga. Með jafnræði í kjörum er hins vegar ekki átt við að allir kaupendur eigi að njóta sömu kjara og/eða verða. Þvert á móti felst það í texta ákvæðisins að það eru aðeins aðilar í sams konar viðskiptum sem eigi að njóta *sambærilegra skilmála*. Þá er það skilyrði þess að brotið sé gegn umræddum c-lið að samkeppnisstaða aðila veikist með mismunandi skilmálum.

Í umræddri skýrslu virðist á köflum mega lesa það á milli línanna að það sé gert tortryggilegt að viðskiptavinir njóti mismunandi kjara hjá viðsemjendum sínum. Af því tilefni vill FA benda á að það væri ekki síður óvenjulegt, í samkeppnislegu tilliti, ef allir viðskiptavinir nytu sömu kjara hjá viðsemjendum sínum. Í slíkum tilfellum væri augljóslega engin virk verðsamkeppni á viðkomandi markaði. Þar væri einnig líklegt að aðrar forsendur en viðskiptalegar væru lagðar til grundvallar verðmyndun. Gefur það til kynna að samkeppni sé þar lítil eða engin og að líkur séu á að ekki sé allt með felldu í samkeppnislegu tilliti. Það kann því í ákveðnum tilfellum að vera svo að breytileg verð og örar verðbreytingar séu merki um heilbrigða og virka samkeppni þar sem viðskiptalegar forsendur eru hafðar að leiðarljósi og láttnar ráða verðmyndum með lögmætum hætti.

## 3. Kaupendastyrkur smásöluverslana

Eins og fram kemur í skýrslunni þá hafa orðið miklar breytingar á dagvörumarkaðnum undanfarin ár. Hlutur lágvörverslana í heild var um 20% árið 1999 en hlutur þeirra var orðinn 63% árið 2010. Samningsstaða birgja hefur á sama tíma veikst til muna með tilkomu verslanasamsteypna og verslanakeðja. Með tilkomu lágvörverslana hófst einnig markvissari eigin innflutningur smásöluáðila á dagvörum. Dagvörverslanir hafa einnig dregið úr framboði á öðrum vörum í einstökum vöruflokkum til neytenda og lagt áhersla á að bjóða sínar eigin vörur. Þessi þróun hefur leitt til fækkunar á birgjum auk þess sem að stærstu viðskiptavinir þeirra eru jafnframt komnir í beina samkeppni við þá. Keðjurnar hafa minni þörf fyrir að kaupa ákveðnar vörur af birgjum og eru því í betri samningsstöðu hvað varðar verð en aðrar minni verslanir á markaðnum.

Fram kemur í skýrslunni að rétt tæpur helmingur alls innflutnings á dagvörum er eigin innflutningur birgja, eins og sjá má í töflunni hér að neðan. Augljóst er að í þessu felst kaupendastyrkur, eins og bent er á í skýrslunni, sem getur þar af leiðandi haft áhrif á hegðun aðila á markaði.

	Tekjur	Hlutdeild
Innflutningur alls	24-25 ma.kr.	100%
Þar af innflutningur birgðahúsa verslanakeðja	11-12 ma.kr.	45-50%
Þar af innflutningur birgja	12-13 ma.kr.	50-55%

#### 4. Eðlilegt magnhagræði

Í skýrslunni er mikið rætt um eðlilegt magnhagræði í viðskiptum birgja og smásala, sem geti þá endurspeglast í afsláttarkjörum til stærri smásala. Bent er á að „mikið kostnaðarlegt hagræði [sé] í því fyrir birgja að dreifa vörum í birgðahús viðkomandi verslanakeðju í stað þess að dreifa þeim beint til verslana“. Samkeppniseftirlitið segir síðar að þessi rök eigi síður við í þeim tilvikum þar sem birgjar dreifa beint til verslana og annast jafnvel sjálfir uppröðun og framstillingu í hillur. Þessi sjónarmið eru m.a. rakin í umfjöllun um einstaka dagvöruflokka.

Félag atvinnurekenda vill árétta þá skoðun sína um að magnhagræði getur skýrst af mun fleiri þáttum en eingöngu í dreifingu. Er þetta ágætlega orðað á blaðsíðu 15 í skýrslu eftirlitsins:

*„Hafa ber þó fleiri sjónarmið í huga. Til að mynda getur ákvörðun stórrar verslunarkeðju um að taka vöru í sölu frá innlendum framleiðanda gert það hagkvæmt fyrir hann að bæta við nýrri framleiðslulínu sem lækkar einingakostnað. Það getur einnig haft mikil áhrif á hagnað innflytjanda ef lágvöruverðskeðja tekur vörur frá honum í viðskipti (eða hættir að selja vörur frá honum) jafnvel þótt álagning innflytjandans ofan á söluna til keðjunnar sé rýr. Loks getur viðskiptakostnaður sem sparast við að senda einn reikning fyrir viðskipti í stað fjölmargra minni reikninga haft áhrif.“*

Ofangreint er mjög mikilvægt þegar magnhagræði og viðskiptakjör í samningum við smásala eru vegin saman. Að auki má nefna þætti eins og flutningskostnað innflytjenda, hagræði í birgðahaldi og jafnvel fleira. Í viðskiptum með dagvöru er veltuhraði almennt mjög mikill og því eðlilegt að horft sé sérstaklega til þess að magnhagræði getur átt við á öllum stigum framleiðslu- eða innflutningskeðjunnar.

#### 5. Skriflegir samningar milli birgja og smásala

FA tekur undir að mikilvægt sé að viðskiptasamningar milli birgja og smásala taki á sig skýrari mynd. Félagið telur ekki eðlilegt að u.þ.b. 40% birgja geri ekki skriflega samninga við endursöluaðila. Á það skal hins vegar bent að viðskipti smásala og birgja eru viðvarandi frá degi til dags og taka miklum breytingum. Það er því óeðlilegt að gera ráð fyrir að allir samningar milli þessara aðila, t.d. um tilboð, kynningar, bætur fyrir galla, o.fl., séu skriflegir. FA tekur hins vegar undir að rammi utan um viðskipti aðila verður að vera skriflegur og skýr.

Að lokum vill FA leggja sérstaka áherslu á leiðbeinandi hlutverk Samkeppniseftirlitsins í umfjöllun um samkeppnismarkaði. Mikilvægt er að umfjöllun eftirlitsins feli í sér skýrar leiðbeiningar og að eftirlitið veiti fyrirtækjum í auknum mæli bindandi ráðgjöf á sviði samkeppnisréttar. Það er gríðarlega mikilvægt að hið faglega stjórnvald sýni fyrirhyggju og leiðbeini fyrirtækjum frá háttsemi sem kann mögulega að raska samkeppni og kann eftir atvikum að vera refsiverð. Það hlýtur að vera kappsmál eftirlitsins að afstýra mögulegum brotum og tryggja virka samkeppni eftir fremsta megni. Slík bindnandi ráðgjöf á sviði skatta- og tollamála hefur gefist vel og er virkur þáttur í réttarvernd borgarana gagnvart stjórnvaldinu. Tæplega verður á það fallist að þau réttarsvið séu einfaldari eða álit á þeim sviðum séu fábrotari en þau er eftirlitið kynni að veita.

FA lýsir sig reiðubúið til funda og frekari skoðanaskipta um málefnið eftir því sem verkast vill.

Virðingarfyllst,



---

Almar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda